

Ofbeldisvarnarnefnd

Ár 2020, mánudaginn 16. nóvember, var haldinn 39. fundur ofbeldisvarnarnefndar. Fundurinn hófst kl. 14.00. Eftirtaldir tóku sæti á fundinum með fjarfundabúnaði með vísan til heimilda í auglýsingu nr. 230/2020 um ákvörðun samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra skv. VI. bráðabirgðarákvæðis sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011: Heiða Björg Hilmisdóttir, Halla Bergþóra Björnsdóttir, Diljá Zoëga Ámundadóttir, Ragnhildur Alda Vilhjálmsdóttir, Steinunn Gyðu- og Guðjónsdóttir, I. Jenný Ingudóttir, Ísól Björk Karlsdóttir. Fundinn sátu einnig með fjarfundabúnaði Anna Kristinsdóttir og Halldóra Dýrleifar Gunnarsdóttir sem ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Lagt fram bréf borgarstjórnar dags. 6. nóvember 2020, um heimildir til frávika frá skilyrðum sveitarstjórnarlaga vegna neyðarástands í sveitarfélagi, varðandi m.a. notkun fjarfundabúnaðar á fundum nefnda og ráða, ásamt fylgiskjöllum.
2. Fram fer kosning á varaformanni ofbeldisvarnarnefndar.
Samþykkt að Halla Bergþóra Björnsdóttir taki sæti sem varaformaður.
3. Fram fer kynning á drögum að bæklingi um heimilisofbeldi og aldraða og á fræðsluefni um heimilisofbeldi og aldraða.

Heiðrún Ósk Sigurðardóttir tekur sæti undir þessum lið með fjarfundabúnaði.

4. Lögð fram drög að erindisbréfi starfshóps sem á að setja fram mælikvarða um ofbeldi og gera tillögur að leiðum til að ná niður ofbeldi um 50% á næstu 10 árum (2020 til og með 2030).
Samþykkt.

5. Fram fer kynning á verkefninu frú Ragnheiður. Hver er hún og hvað gerir hún?

Elísabet Brynjarsdóttir, frá Rauða krossi Íslands, tekur sæti undir þessum lið með fjarfundabúnaði.

6. Fram fer kynning á vettvangs- og ráðgjafateymi Reykjavíkurborgar, hugmyndafræði og starfi.

Hrafnhildur Ósk Ólafsdóttir tekur sæti undir þessum lið með fjarfundabúnaði.

- Kl. 15.30 vikur Diljá Zoëga Ámundadóttir af fundinum.
- Kl. 15.36 vikur Steinunn Gyðu- og Guðjónsdóttir af fundinum.

7. Fram fer umræða um drög að dagskrá sameiginlegs fundar ofbeldisvarnarnefndar og velferðarráðs.

Fundi slitið kl. 15:54

Heiða Björg Hilmisdóttir

Halla Bergþóra Björnsdóttir
I. Jenný Ingudóttir

Ragnhildur Alda Vilhjálmsdóttir
Ísól Björk Karlsdóttir